

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

---

**Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um skýrslu starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju**

Lagt er til að skýrsla starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju verði send til umsagnar skólaráðs Klettaskóla, starfsfólks Klettaskóla, foreldrafélags Klettaskóla, frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar, aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, Þroskahjálpar, Umhyggju og þeirra sveitarfélaga sem nýta þjónustuna. Jafnframt er lagt til að gert verði kostnaðarmat á þeim tillögum sem koma fram í skýrslunni.